

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

1. gr.

Samkvæmt 35. gr. laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins til 31. desember nk. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

- a. Matsverð eftirtalinna fasteigna hækki um 5% og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því **1,05**, sbr. þó staflíði b. - e.:
 - 1) Hlunninda og lands bújarða á landinu öllu.
 - 2) Fjölbýlishúsa og fjölbýlishúsalóða í Reykjavík (þ.m.t. þéttbýli á Kjalarnesi), Kópavogi, Seltjarnarnesi, Garðabæ, Hafnarfirði, svo og í þéttbýli í Mosfellsbæ og Bessastaðahreppi.
 - 3) Íbúðarhúsa og íbúðarhúsalóða, svo og íbúðarhúsa og útihúsa á bújörðum á Suðvesturlandi frá austurmörkum Árnessýslu að norðurmörkum Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.
- b. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarhúsalóða í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Sandgerði, Hveragerði og Þorlákshöfn hækki um 8% og verður framreiknistuðull samkvæmt því **1,08**.
- c. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarhúsalóða í Vogum, Akranesi, Borgarnesi, Stykkishólmi, Akureyri, Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri hækki um 6,5% og verður framreiknistuðull samkvæmt því **1,065**.
- d. Matsverð eftirtalinna fasteigna hækki um 3% og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því **1,03**, sbr. þó staflíð c.:
 - 1) Íbúðarhúsa og íbúðarhúsalóða á Grundarfirði, Eskifirði, Neskaupstað og í Vestmannaeyjum.
 - 2) Íbúðarhúsa og íbúðarhúsalóða, svo og íbúðarhúsa og útihúsa á bújörðum á Vesturlandi og Norðurlandi frá suðurmörkum Dalasýslu að austurmörkum Suður-Þingeyjarsýslu (að undanskildum Vestfjörðum, sbr. staflíð e.).
 - 3) Íbúðarhúsa og íbúðarhúsalóða, svo og íbúðarhúsa og útihúsa á bújörðum í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu.
- e. Matsverð eftirtalinna fasteigna verður óbreytt og framreiknistuðull þeirra verður samkvæmt því **1,0**, sbr. þó staflíð d.:
 - 1) Sérbýlishúsa og sérbýlishúsalóða í Reykjavík (þ.m.t. þéttbýli á Kjalarnesi), Kópavogi, Seltjarnarnesi, Garðabæ, Hafnarfirði, svo og í þéttbýli í Mosfellsbæ og Bessastaðahreppi.
 - 2) Íbúðarhúsa og íbúðarhúsalóða, svo og íbúðarhúsa og útihúsa á bújörðum á Vestfjörðum frá austurmörkum Barðastrandarsýslu að suðurmörkum Strandasýslu, svo og á Norðausturlandi og Austurlandi frá vesturmörkum Norður-Þingeyjarsýslu að vesturmörkum Austur-Skaftafellssýslu.
 - 3) Atvinnuhúsa og atvinnulóða á landinu öllu.
 - 4) Sumarhúsa og sumarhúsalóða á landinu öllu.

Við ákvörðun framangreindra framreiknistuðla hefur þegar verið tekið tillit til afskrifta ársins fyrir einstakar tegundir fasteigna.

Ofangreind breyting fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri er gildi tók 1. desember 2000 með síðari breytingum ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

2. gr.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hefur verið samin ný fasteignaskrá, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu. Hin nýja fasteignaskrá inniheldur einnig þær matsbreytingar sem Fasteignamat ríkisins eða yfirfasteignamatsnefnd hefur gert á einstökum fasteignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærnum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

3. gr.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignaskráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamatsins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 31. desember nk. Frá sama tíma mun hið nýja matsverð einnig koma fram í uppflettingu hjá þeim aðilum sem eru í beinu tölvusambandi við stofnunina. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

4. gr.

Með vísan til laga nr. 6/2001 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi 31. desember 2001.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 853 27. nóvember 2000.

Fjármálaráðuneytinu, 28. desember 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Hafsteinn S. Hafsteinsson.